

Nr. 032 / 11 Leynir***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2396
Smíðaður: Holland 2000, stál
Stærð: 43,7 brl. 42 bt.
Mesta lengd: 16,41 m Skráð lengd: 15,25 m
Breidd: 5,26 m Dýpt: 2,51 m
Vél: Caterpillar 672 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 4



Leynir©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 24. mars 2011 var dráttarbáturinn Leynir í Reykjavíkurhöfn. Veður: 2-6 m/s.

Þegar komið var að bryggju tók skipverji tvo fastsetningaenda sem héngu á stöng (herðatré) á bryggjukantinum og smeygði lykkjunni á polla bátsins. Þegar tók í framendann klemmdist þumalfingur vinstri handar á milli og skipverjinn féll í þilfarið. Við fallið slitnaði fingurinn af hendinni.

Skipstjóri hringdi eftir sjúkrabíl og var slasaði fluttur á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist ekki muna mikið eftir atvikinu en taldi að það hefði komið högg á bátinn sem varð til þess að hann rann til og féll. Hann taldi sig ekki hafa haldið í endann sér til stuðnings því það passi að taka um splæsið á lykkjunni og smeygja henni yfir pollann. Myndir af vettvangi sýna að verki var ekki lokið því lykkjan var ekki fyllilega komin á pollann en hún lá yfir efri hluta hans;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa séð atvikið þar sem bak slasaða hafi skyggt á pollann en hann taldi að stefnisfríholtið hafi rekist í stálþilið fyrir framan bátinn og orsaka hnykkinn svo slasaði féll en við höggið fór báturinn aftur í og þá strekkti í framendann. Þeir hafi verið að hreinsa höfnina og var drullunni mokað inn á þilfarið en síðan í poka eins og myndir af vettvangi sýna. Þilfarið hafi þess vegna verið mjög hált en það er ekki hálfuvarið;

- að fram kom að þilfarið sé slétt og málað með lakkmálningu en á öðrum hafnsögubátum hafnarinnar væru þilför sandmáluð;
- að skipverji sem var að festa spring á miðsíðunni sá ekki atvikið en þegar hann kom að taldi hann að slasaði hefði ekki rekist utan í neitt í fallinu miðað við það hvernig hann lá í þilfarinu. Hann taldi þilfarið, sem var blautt, hafi ekki verið hált og honum hafi ekki fundist þilförin hál þann tíma sem hann hafi verið um borð;
- að báðar festarnar eru úr tommu sveru Dynema tógi (ofurtóg) sem hafa ekki nema um 3% teygju og vill því koma rykkur þegar tekur í efnið. Landfestarnar eru splæstar lykkjur sem smeygt er á bógpolla bátsins. Við brottför frá flotbryggjunni eru lykkjurnar hengdar upp á stöng (herðatré) á bryggjukantinum og þegar lagt er að bryggjunni eru þessar festar í seilingar fjarlægð frá skipverjanum.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera hálku á þilfari.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að þilför skipa séu hálkuvarin.